

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 29. september 2021.

Mál nr. 507/2021:

**A**

(Einar Páll Tamimi lögmaður)

**gegn**

**B**

(Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður)

## **Lykilorð**

*Kærumál. Opinber skipti. Óvígð sambúð. Áskorun.*

## **Útdráttur**

*Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem leyst var úr ágreiningi A og B í tengslum við opinber skipti til fjárslita milli þeirra vegna slita á óvígðri sambúð. B hafði ekki lagt fram yfirlit um erlenda bankareikninga í hans nafni þrátt fyrir útrekaðar áskoranir skiptastjóra, en B hafði viðurkennt tilvist þessara reikninga. A staðhæfði að inni á þessum reikningum væru 500.000.000 króna. Landsréttur féllst á þá kröfu A að við fjárslit aðila skyldi lagt til grundvallar að B hafi á viðmiðunardegi skipta átt á þessum erlendu bankareikningum 500.000.000 króna, en leggja þar staðhæfinguna til grundvallar þar sem A átti þess ekki kost að afla þessara yfirlita sjálf. Þá var ágreiningur um við hvaða gengi skyldi miðað við verðmat á hlutabréfum í erlendum félögum sem féllu til B. Var lagt til grundvallar gengi hlutabréfanna á viðmiðunardegi skipta, en ekki hæsta skráða gengi bréfanna eftir viðmiðunardag skipta. Að öðru leyti var staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar þar sem vísað var frá dómi þeirri kröfu A að til eigna B á viðmiðunardegi skipta sem kæmu til fjárslita teldist innbú, listaverk og lausafé sem ekki hefðu á því tímamarki verið á sameiginlegu lögheimili aðila og öðrum kröfum hennar hafnað.*

## **Úrskurður Landsréttar**

Landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Davíð Þór Björgvinsson og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

## **Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 29. júlí 2021. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 16. ágúst 2021. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. júlí 2021 í málinu nr. Q-[...]/2020 þar sem leyst var úr nánar tilgreindum ágreiningsefnum í tengslum við opinber skipti til fjárslita milli aðilanna vegna sambúðarslita. Kæruheimild er í 1. mgr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um slit á dánarbúum o.fl.

- 2 Sónkaraðili krefst þess í fyrsta lagi að við fjárslit aðila vegna sambúðarslita þeirra skuli varnaraðili greiða sóknaraðila með peningagreiðslu andvirði helmings eigna hans á viðmiðunardegi skipta, annarra en fasteignarinnar að [...], að frádregnu verðmæti helmings eigna sóknaraðila á því tímamarki og mismuni útlagðs söluverðs hvors aðila um sig vegna fasteignarinnar. Í öðru lagi krefst sóknaraðili þess að við mat á verðmæti hlutabréfa varnaraðila í hinu skráða félagi C verði lagt til grundvallar hæsta verð bréfanna frá viðmiðunardegi skipta til úthlutunardags, eða að lágmarki 1,365 sterlingspund (GBP) á hlut. Í þriðja lagi krefst sóknaraðili þess að kröfu varnaraðila um að verðmæti hlutabréfa í félaginu D verði miðað við gengið 0,03625 sterlingspund (GBP) á hlut verði hafnað og miðað við verðið 0,09 sterlingspund. Í fjórða lagi krefst sóknaraðili þess að lagt verði til grundvallar við fjárslitin að varnaraðili hafi á viðmiðunardegi skipta átt á erlendum bankareikningum 500.000.000 króna. Í fimmta lagi krefst sóknaraðili þess að til eigna varnaraðila á viðmiðunardegi skipta sem komi til fjárslita teljist innbú, listaverk og lausafé sem ekki var á því tímamarki á sameiginlegu lögheimili aðila að [...] og að við verðmat þess innbús, listaverka og lausafjár verði kaupverð lagt til grundvallar þar sem það verði ekki hrakið með öðru verðmati. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar.

#### **Niðurstaða**

- 4 Sónkaraðili gerir kröfu um að við mat á verðmæti hlutabréfa varnaraðila í hinu skráða félagi C verði lagt til grundvallar hæsta verð bréfanna frá viðmiðunardegi skipta til úthlutunardags, en varðandi félagið D verði miðað við tilgreint gengi. Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 koma til skipta milli aðila þær eignir og þau réttindi sem hvort þeirra um sig átti á viðmiðunardegi skipta. Samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 104. gr. laganna koma að auki til skipta arður, vextir og annars konar tekjur sem hafa fengist síðan af þeim eignum og réttindum. Hlutabréf í félögum eru eignir sem undir skipti koma samkvæmt 1. mgr. 104. gr. laganna. Af framangreindum ákvæðum laga nr. 20/1991 leiðir að söluandvirði eignar sem seld er eftir viðmiðunardag skipta telst ekki vera tekjur sem viðkomandi eign gefur af sér í skilningi 2. málslíðar og kemur því ekki til skipta milli aðila. Skiptir þá ekki máli hvort eignin er seld á hærra eða lægra verði en sem nam verðmæti hennar á viðmiðunardegi skipta. Gengi hlutabréfa í félögum tekur mið af fjölmörgum þáttum og getur gengi þeirra því sveiflast yfir tímabil. Ber eigandi hlutabréfanna gengisáhættuna, jafnt til hækkunar sem lækkunar. Hækkun eða lækkun á gengi hlutabréfa, sem ekki hafa verið innleyst, eru því í eðli sínu ekki arður eða tekjur í skilningi 104. gr. laga nr. 20/1991, en verðmatið ræðst af gengi hlutabréfanna á viðmiðunardegi skipta. Félagið D var yfirtekið af félaginu E 9. mars 2016 og í framhaldinu afskráð. Ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um hvort arður hafi verið greiddur af bréfum í félaginu áður en það var afskráð. Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður niðurstaða hans um þessar kröfur sóknaraðila staðfest.

- 5 Sóknaraðili gerir kröfu um að lagt verði til grundvallar við fjárslit málsaðila að varnaraðili hafi á viðmiðunardegi skipta átt inni á erlendum bankareikningum fjárhæð sem samsvarar 500.000.000 króna. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi í skýrslutöku fyrir héraðsdómi 29. nóvember 2018, að beiðni skiptastjóra, játað að eiga reikninga í erlenda bankanum F og að innstæða hafi verið á reikningnum á viðmiðunardegi skipta. Sóknaraðili telur að varnaraðili eigi ekki minna en fjárhæð sem samsvarar 500.000.000 króna í innstæðum á erlendum bankareikningum. Varnaraðili mótmælir þessari kröfu og telur ósannað að hann hafi átt háar fjárhæðir á erlendum bankareikningum á viðmiðunardegi skipta.
- 6 Í framangreindri skýrslutöku kvaðst varnaraðili aðspurður eiga reikninga í bankanum F og að hann teldi að innstæða hafi verið á reikningunum á viðmiðunardegi skipta. Varnaraðili hafi ekki vitað hversu há innstæðan hefði verið, en hann væri að bíða eftir yfirlitum frá bankanum. Myndi hann leggja þessi gögn fram til skiptastjóra þegar þau bærust. Í skattframtali aðila fyrir árið 2014 var getið um tvo bankareikninga hjá bankanum F, annar í bandaríkjadöllum og hinn í breskum pundum. Samanlögð innstæða var sögð vera 10.467.059 krónur. Í fundargerð skiptafundar sem fram fór 8. maí 2015 var bókað að lögmaður varnaraðila myndi afla upplýsinga um bankainnstæður erlendis og leggja fram á næsta fundi. Á skiptafundi 16. júní sama ár var fært til bókar að lögmaður varnaraðila hafi upplýst að enn væri verið að afla gagna um bankainnstæður erlendis. Bókað var í fundargerð skiptafundar 7. september sama ár að skiptastjóri skoraði á aðila að leggja fram yfirlit yfir stöðu bankareikninga erlendis á viðmiðunardegi skipta. Á skiptafundi 22. maí 2019 kvaðst lögmaður varnaraðila ekki hafa undir höndum gögn frá varnaraðila um bankareikninga hans. Skiptastjóri skoraði þá á varnaraðila að afhenda gögn sem sýndu hvaða innstæður hann hafi átt á bankareikningum erlendis á viðmiðunardegi skipta og gaf honum frest til 31. sama mánaðar til að verða við áskoruninni. Varnaraðili varð ekki við þessum áskorunum skiptastjóra. Skiptastjóri fór þess á leit við F í mars 2020 að fá upplýsingar frá bankanum um bankareikninga varnaraðila. Samkvæmt gögnum málsins synjaði bankinn þeirri beiðni skiptastjóra.
- 7 Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 102. gr. sömu laga, er þeim sem hafa eignir bús í umráðum sínum skylt að veita skiptastjóra þær upplýsingar og láta honum í té þau gögn um málefni þess látna eða búsins sem hann krefst. Samkvæmt yfirlýsingu varnaraðila í fyrrgreindri skýrslutöku fyrir héraðsdómi 29. nóvember 2018 átti hann bankareikninga hjá svissneska bankanum F á viðmiðunardegi skipta. Á grundvelli tilvitnaðs ákvæðis laga nr. 20/1991 var honum skylt að veita skiptastjóra umbeðnar upplýsingar um stöðu þessara reikninga á viðmiðunardegi skipta. Við því hefur varnaraðili ekki orðið.
- 8 Samkvæmt því sem hér að framan er rakið hefur skiptastjóri ítrekað beint til varnaraðila áskorun um að leggja fram yfirlit um bankainnstæður sem skráðar eru í hans nafni í erlendum bönkum, sem undir fjárslitin geta komið. Varnaraðili hefur

vanrækt að verða við þeim áskorunum, þó svo hann viðurkenni tilvist þessara reikninga. Þessi afstaða verður skýrð á þann hátt sem er sóknaraðila hagfelldust, í ljósi þessarar áskorunar og þess að sóknaraðili á þess ekki kost að afla þessara yfirlita. Samkvæmt þessu verður fallist á þá kröfu sóknaraðila að lagt verði til grundvallar að varnaraðili hafi á viðmiðunardegi skipta átt á erlendum bankareikningum 500.000.000 króna.

- 9 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður niðurstaða hans um aðrar kröfur sóknaraðila staðfest.
- 10 Varnaraðila verður gert að greiða sóknaraðila kærumsálskostnað eins og greinir í úrskurðarorði.

### Úrskurðarorð:

Við fjárslit á milli sóknaraðila, A, og varnaraðila, B, verður lagt til grundvallar að varnaraðili hafi á viðmiðunardegi skipta átt á erlendum bankareikningum 500.000.000 króna. Að öðru leyti verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 800.000 krónur í kærumsálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. júlí 2021

Mál þetta barst dómnum 18. nóvember 2020 með bréfi skiptastjóra, Þyríar Steingrímsdóttur lögmanns, dagsettu 16. sama mánaðar. Málið var þingfest 18. desember 2020 og tekið til úrskurðar 21. júní sl. Málskot þetta er reist á 3. mgr. 79. gr., sbr. 113. og 122. gr., laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Sóknaraðili er A, [...]. Varnaraðili er B, [...].

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru þær aðallega að við fjárslit milli aðila vegna slita á sambúð þeirra skuli varnaraðili greiða sóknaraðili með peningagreiðslu andvirði allra eigna hans á viðmiðunardegi skipta, annarra en innstæðna varnaraðila á erlendum bankareikningum og greiðslu vegna fasteignarinnar [...] í [...], sem aðilum hafi verið lögð út. Sóknaraðili krefst þess einnig að við mat á verðmæti hlutabréfa varnaraðila í hinu skráða félagi C verði lagt til grundvallar hæsta verð bréfanna frá viðmiðunardegi skipta til úthlutunardags. Þá krefst sóknaraðili þess að kröfu varnaraðila, um að verðmæti hlutabréfa í félaginu D verði miðað við gengið GBP 0,03625, verði hafnað og að miðað verði við gengið GBP 0,09.

Til vara krefst sóknaraðili þess að við fjárslit milli aðila vegna slita á sambúð þeirra skuli varnaraðili greiða sóknaraðila með peningagreiðslu andvirði helmings eigna hans á viðmiðunardegi skipta, annarra en fasteignarinnar [...] í [...], að frádregnu verðmæti helmings eigna sóknaraðila á því tímamarki og mismuni útlagðs söluverðs hvors aðila um sig vegna [...] í [...]. Sóknaraðili krefst þess einnig að til eigna varnaraðila á viðmiðunardegi skipta sem komi til fjárslita teljist innbú, listaverk og lausafé sem ekki var á því tímamarki á sameiginlegu lögheimili aðila að [...] í [...] og að við verðmat þess innbús, listaverka og lausafjár verði kaupverð lagt til grundvallar þar sem það verði ekki hrakið með öðru verðmati. Þá krefst sóknaraðili þess að lagt verði til grundvallar við fjárslitin að varnaraðili hafi á viðmiðunardegi skipta átt á erlendum bankareikningum 500.000.000 króna. Jafnframt krefst sóknaraðili þess að við mat á verðmæti hlutabréfa varnaraðila í hinu skráða félagi C verði lagt til grundvallar hæsta verð bréfanna frá viðmiðunardegi skipta til úthlutunardags. Þá krefst sóknaraðili þess að kröfu varnaraðila um að verðmæti hlutabréfa í félaginu D verði miðað við gengið GBP 0,03625 verði hafnað og að miðað verði við verðið GBP 0,09.

Sóknaraðili krefst þess bæði í aðal- og varakröfum að henni verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess í málinu að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Hann krefst þess jafnframt að verðmæti hlutabréfa í erlenda félaginu D verði miðað við gengi hlutabréfanna á viðmiðunardegi skipta 23. febrúar 2015, þ.e. GBP 0,03625 á hlut. Þá krefst varnaraðili þess að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila.

## I

Málsaðilar tóku upp sambúð á árinu 1998. Sambúð þeirra lauk í febrúar 2015 þegar sóknaraðili flutti ásamt börnum aðila af heimili fjölskyldunnar að [...] í [...]. Hinn 18. mars 2015 krafðist sóknaraðili opinberra skipta til fjárslita milli aðila. Var krafan tekin til greina með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 29. apríl 2015.

Undir skiptum kom upp ágreiningur milli aðila sem skiptastjóri vísaði til Héraðsdóms Reykjaness. Með úrskurði dómsins 29. júní 2016 var mælt fyrir um að við opinber skipti til fjárslita milli aðila bæri að miða við að skipta yrði að jöfnu þeim eignum sem aðilar áttu við upphaf skipta, óháð því hvernig skráningu einstakra eigna væri háttáð. Varnaraðili kærði úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar Íslands sem með dómi 15. september 2016, í máli nr. 511/2016, kvað upp úr um að: „Við opinber skipti til fjárslita milli sóknaraðila, B, og varnaraðila, A, við lok óvígðrar sambúðar þeirra skal skipta jafnt eignum þeirra á viðmiðunardegi skiptanna án tillits til þess hvernig skráningu eigna er háttáð.“

Á skiptafundi 25. október 2016 var ákveðið að selja fasteignina að [...] í [...]. Var eignin seld með kaupsamningi 13. janúar 2017 og sömdu aðilar um að sóknaraðili fengi útlagt 2/3 hluta söluandvirðisins en varnaraðili 1/3 hluta. Í framhaldi af sölu fasteignarinnar sömdu aðilar um skiptingu listaverka sem voru í fasteigninni við sölu hennar. Sóknaraðili heldur því fram í málinu að ósamið sé um annað innbú, listaverk og lausafé, sem verið hafi að finna í gámi í [...], í sumarbústað í [...], sem varnaraðili hafi haft vörslur á, og annars staðar á þessum tíma. Því mótmælir varnaraðili sem röngu. Hvað listaverkin varðar vísar hann sérstaklega til þess að þau hafi að langstærstum hluta verið í eigu einkahlutafélaga aðila. Þau falli því undir verðmat það sem gert hafi verið á einkahlutafélögunum og verði ekki tilgreind tvisvar þegar komi að skiptum.

Samkvæmt síðasta skattframtali aðila fyrir viðmiðunardag skipta, hinn 23. febrúar 2015, átti varnaraðili skráð hlutabréf í félögunum C og D. Í málinu greinir aðila á um hvort hækkun á gengi hlutabréfa í félögunum tveimur eftir viðmiðunardag skipta séu tekjur í skilningi 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. sem koma skuli til skipta.

Fyrirliggjandi fundargerðir skiptafunda bera með sér að skiptastjóri hafi ítrekað óskað eftir og skorað á varnaraðila að leggja fram upplýsingar um innstæður hans á erlendum bankareikningum. Verður ekki séð að slíkar upplýsingar hafi borist frá varnaraðila.

## II

Sóknaraðili vísar til þess að með dómi í máli nr. 511/2016 hafi Hæstiréttur Íslands slegið því föstu að við hin opinberu skipti til fjárslita milli aðila skyldi skipta eignum þeirra á viðmiðunardegi skipta jafnt þeirra á milli án tillits til þess hvernig skráningu eignanna væri háttáð. Í máli þessu sé því ekki fjallað um skiptingu eigna aðila heldur það hvernig hin jafna skipting skuli framkvæmd. Nánar til tekið lúti ágreiningur aðila að verðmæti hlutabréfa varnaraðila í hinum erlendu félögum C og D, hvernig skipta skuli innbúi, listaverkum og lausafé sem ekki hafi verið á viðmiðunardegi skipta á sameiginlegu lögheimili aðila að [...] í [...] og hvort varnaraðili skuli greiða sóknaraðila þann helming eigna sem í hennar hlut skal koma með peningum eða með afhendingu eigna sem skráðar séu á varnaraðila.

Af hálfu sóknaraðila er til þess vísað að samkvæmt 104. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. komi til skipta ekki aðeins eignir og réttindi aðila á viðmiðunardegi skipta heldur einnig arður, vextir og annars konar tekjur sem fengist hafi síðan af þeim eignum og réttindum. Ekki sé um það deilt að varnaraðili hafi á viðmiðunardegi skipta átt þau hlutabréf í C sem tilgreind séu á síðasta sameiginlega skattframtali aðila. Hlutabréfin komi því til skipta ásamt hvers konar tekjum sem fengist hafi af þeim síðan. Hlutabréf í C séu skráð í kauphöllinni í London og fari viðskipti með bréfin fram í breskum pundum. Seðlabanki Íslands gefi út gengi bresks punds gagnvart íslenskri krónu. Því þurfi ekki að fara fram sérstakt

verðmat á hlutabréfum varnaraðila í C heldur leiði verðmæti bréfanna beint af fyrirbyggjandi markaðsupplýsingum um markaðsverð og gengi gjaldmiðla. Þannig sé verðmæti hlutabréfanna við fjárslitin skráð verð þeirra í kauphöllinni í London á viðmiðunardegi skipta, margfaldað með gengi íslensku krónunnar gagnvart bresku pundi, auk tekna sem varnaraðili kunni að hafa haft af hlutabréfunum eftir viðmiðunardag skipta. Eina álitamálið sem uppi geti verið í málinu sé því hverjar tekjur í íslenskum krónum varnaraðili kunni að hafa haft af hlutabréfunum eftir viðmiðunardag skipta í formi hækkunar á skráðu verði þeirra margfölduðu með gengi íslenskrar krónu gagnvart bresku pundi.

Sóknaraðili segir það álitamál er varði tekjur varnaraðila af hlutabréfunum í C vera til komið af því einu að varnaraðili hafi samfellt og ítrekað allt frá árinu 2015 brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 52. gr. laga nr. 20/1991 með því að neita að veita skiptastjóra þær upplýsingar og afhenda honum þau gögn sem skiptastjóri hafi beðið um og eigi fortakslausa kröfu á að fá afhent. Þannig sé ekki vitað hvort, eða eftir atvikum hvenær, varnaraðili hafi selt hlutabréfin í C eða á hvaða verði í íslenskum krónum. Það sé í andstöðu við öll viðurkennd lagasjónarmið að varnaraðili geti hagnast á lýstu lögbroti sínu og að í hans hlut komi óréttmæt auðgun með því að lagt verði til grundvallar verð bréfanna í íslenskum krónum á viðmiðunardegi skipta án tillits til mögulegra tekna varnaraðila af þeim eftir það tímamark. Frá viðmiðunardegi skipta hafi verð hlutabréfa í C í breskum pundum þróast þannig að það hafi farið úr um það bil 60 pundum á hlut, upp í nær 136 pund á hlut. Nú sé verðið um það bil 79 pund á hlut. Einungis um skamma hríð eftir upphaf heimsfaraldurs Covid-19 hafi verð hlutabréfa í C verið lægra en það hafi verið á viðmiðunardegi skipta. Það séu því yfirgnæfandi líkur á því að varnaraðili hafi haft tekjur af hækkun hlutabréfanna frá viðmiðunardegi skipta og öllum vafa um það atriði hefði varnaraðili getað eytt með því að leggja fram gögn um eignarhald og möguleg viðskipti með hlutabréfin. Þar sem hvers konar auðgun varnaraðila af hækkun á verðmæti hlutabréfanna í C í íslenskum krónum, á kostnað varnaraðila, sé í beinni andstöðu við dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 511/2016 og ákvæði 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 verði við mat á tekjum hans af hlutabréfunum frá viðmiðunardegi skipta að leggja til grundvallar hæsta verð hlutanna frá því tímamarki.

Hvað varði verðmæti hlutabréfa varnaraðila í félaginu D kveðst sóknaraðili vísa til þeirra málsástæðna sem fram komi hér að framan varðandi verðmæti hlutabréfa varnaraðila í C, að breyttu breytanda. D hafi verið skráð á [...] markaðinn í kauphöllinni í London á viðmiðunardegi skipta. Félagið hafi verið yfirtekið af E 9. mars 2016 gegn greiðslu 0,09 breskra punda á hlut. Það verð hafi verið nokkru hærra en markaðsverð D á viðmiðunardegi skipta. Í yfirtökunni hafi falist réttur E til að kaupa allt hlutafé í D. Þar sem sá réttur hafi verið nýttur verði að ganga út frá því að varnaraðili hafi selt hlutabréf sín á yfirtökuverðinu, en hann hafi ekki sýnt fram á sölu fyrr eða á lægra verði. Við fjárslitin sé því ekki önnur aðferð tæk en að leggja yfirtökuverðið og gengi íslenskrar krónu gagnvart bresku pundi til grundvallar þegar ákvarðaðar eru tekjur varnaraðila af hlutabréfunum eftir viðmiðunardag skipta.

Þá vísar sóknaraðili til þess að í framhaldi af sölu fasteignar málsaðila að [...] í [...] hafi þau gert með sér samkomulag um skiptingu innbús og listaverka sem þar hafi verið að finna. Að öðru leyti hafi aðilar ekki samið um skiptingu innbús, listaverka eða lausafjár í þeirra eigu. Ekki sé um það deilt í málinu að til hafi verið að dreifa á viðmiðunardegi skipta öðru innbúi, listaverkum og lausafé en verið hafi að [...] í [...] á því tímamarki. Ágreiningur aðila varði umfang viðkomandi eigna og verðmat þeirra. Sóknaraðili byggir á því að allar slíkar eignir, sem aðilar hafi haft í vörslum sínum á viðmiðunardegi skipta og varnaraðili geti ekki sannað að séu færðar til bókar sem eign annarra einstaklinga eða lögaðila, falli undir fjárslit milli aðila.

Sóknaraðili segir ekki liggja fyrir verðmat þriðja aðila á umræddu lausafé en báðir aðilar hafi lagt fram lista með sínu mati á verðmæti munanna. Listi sóknaraðila byggir á raunverulegu eða ætluðu kaupverði þeirra en alls óljóst sé hvernig það matsverð sem varnaraðili vísi til sé til komið. Varnaraðili hafi ekki krafist þess að fram fari verðmat þriðja aðila á umræddum munum eða byggt á því fyrir skiptastjóra að slíkt verðmat skuli fara fram. Sóknaraðili byggir af þeim sökum á því að leggja skuli verðmat hennar til grundvallar við skiptin, enda sé grundvöllur þess skýr og engar brigður verið á það bornar af hálfu varnaraðila að listi sóknaraðila endurspegli kaupverð eignanna.

Af hálfu sóknaraðila er sérstaklega á það bent að í máli þessu hátti svo til að nærri allar eignir aðila séu skráðar á varnaraðila. Þau verðmæti sem í hlut sóknaraðila skuli koma við fjárslitin samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 511/2016 séu því að stærstum hluta andvirði þeirra eigna, þó þannig að helmingur andvirðis eigna skráðra á sóknaraðila komi til frádráttar. Sá frádráttur sé hins vegar óverulegur sem hlutfall af heildareignum aðila.

Sóknaraðili kveðst byggja á því að hlutdeild sóknaraðila í andvirði þeirra eigna sem skráðar séu á varnaraðila, og verið hafi í hans vörslum til þessa dags, skuli greitt sóknaraðila með peningum. Lög nr. 20/1991 geri ráð fyrir því að andvirði eigna sem komi í hlut hins sambúðaraðilans við fjárslit vegna sambúðarslita sé greitt í peningum. Annað væri enda ómögulegt þar sem önnur skipan gerði ráð fyrir því að hægt væri að skipta eignum nákvæmlega í þeim hlutföllum sem efnisreglur um skipti kveði á um án þess að peningagreiðsla kæmi til. Þá myndu fjárslit án slíkrar peningagreiðslu einnig gera kröfu til þess að verðmæti sem til skipta kæmu væru skiptanleg án verðmætaskerðingar fyrir annan hvorn aðilann en slíkt sé fráleitt raunin í mörgum tilvikum. Þá endurspeglar umrædd regla laga nr. 20/1991 skýrt í 110. gr. laganna. Í ákvæðinu sé tekið af skarið um hvernig framkvæma skuli fjárslit við þessar aðstæður, en samkvæmt 4. mgr. 110. gr. skuli skiptastjóri taka ákvörðun um að sá sem fái útlögð meiri verðmæti en hann eigi tilkall til greiði mismuninn í peningum

Þá vekur sóknaraðili athygli á því að varnaraðili hafi í málinu bæði krafist þess að hafa vörslur og fá sér lagðar út þær eignir sem á hann séu skráðar. Varnaraðili hafi jafnvel tekið til varna fyrir dómstólum gegn þeirri fyrirætlan skiptastjóra að svipta hann vörslum einkahlutafélags hvers hlutir séu skráðir á hans nafn. Varnaraðili geti því ekki nú krafist þess að fá að greiða sóknaraðila hennar helming eigna aðila með afhendingu eigna sem hann hafi svo ákveðið barist gegn að þurfa að afhenda henni.

Málskostnaðarkröfu sína segir varnaraðili reista á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### III

Af hálfu varnaraðila er öllum kröfum sóknaraðila mótmælt. Varnaraðili segir kröfugerð sóknaraðila þannig fram setta að erfitt sé að átta sig á inntaki hennar. Svo virðist sem í varakröfu sóknaraðila felist umfangsmeiri krafa en sett sé fram í aðalkröfu hennar. Þá sé röksemdafærsla sóknaraðila aðeins að hluta til til stuðnings kröfugerðinni.

Varnaraðili segir þær kröfur sóknaraðila er lúti að peningagreiðslu varnaraðila til sóknaraðila, sem nemi andvirði allra eigna varnaraðila annarra en ætlaðra innstæðna á erlendum bankareikningum og vegna útlagningar kaupverðs fasteignarinnar að [...], með öllu órökstuddar. Þær séu heldur ekki studdar gögnum. Engin lagarök standi til þess að úrskurða varnaraðila greiðsluskyldan gagnvart sóknaraðila á þeim grundvelli sem hún krefjst. Þá sé kröfugerð sóknaraðila í beinni andstöðu við niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 511/2016.

Kröfu sóknaraðila um að við hin opinberu skipti til fjárslita milli aðila verði lagt til grundvallar að varnaraðili hafi átt 500.000.000 krónur á erlendum bankareikningum á viðmiðunardegi skipta segir varnaraðili hvorki studda gögnum né rökum. Stefnda bendir á að á skattframtali fyrir árið 2014 komi ekkert fram um slíka eign en til að mynda lausafjárstöðu eins og þá sem krafan byggir á hefði þurft að selja eignir sem tilgreindar hafi verið á skattframtali, sem leitt hefði til sömu stöðu hvað heildareignir varðar.

Hvað varði mat á verðmæti erlendrar hlutabréfaeignar varnaraðila kveðst varnaraðili vísa til ákvæðis 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. en þar sé á um það kveðið að þær eignir komi til skipta sem sambúðarfólk hafi átt á viðmiðunardegi skipta. Á síðasta skattframtali aðila fyrir viðmiðunardag skipta komi fram að verðmæti erlendrar hlutabréfaeignar varnaraðila í lok árs 2014 hafi numið 128.582.675 íslenskum krónum. Sömu upplýsingar komi fram á forskráðu skattframtali vegna ársins 2015. Láti nærri að þetta sé nálægt verðmæti hlutabréfanna á viðmiðunardegi skipta, en ekki liggi fyrir aðrar upplýsingar um gengi hlutabréfa C. Hvað varði verðmat á hlutabréfum D á viðmiðunardegi skipta vísi varnaraðili til upplýsinga sem sendar hafi verið skiptastjóra undir rekstri skiptamálsins þegar gengi bréfanna hafi staðið í GBP 0,03625 á hlut og heildarverðmæti 1.720.000 hluta miðað við miðgengi Seðlabankans á þeim degi, 183,58 krónur, hafi því verið samtals 11.446.213 krónur.

Varnaraðili geri þá kröfu að við verðmat á hlutabréfaeign hans í erlendu félögunum C og D verði í báðum tilvikum miðað við verðmæti á viðmiðunardegi skipta 23. febrúar 2015. Kröfum sóknaraðila um að miða beri við verðmæti bréfanna í félögunum tveimur á öðru tímamarki sé mótmælt. Í frumvarpi skiptastjóra til úthlutunar sé ranglega vísað til þess að ekki sé vitað hvert gengi hlutabréfa í félaginu D hafi verið á viðmiðunardegi skipta. Varnaraðili segir engin haldbær rök vera fyrir því að miða við 9. mars 2016 þegar félagið hafi verið afskráð af markaði. Þvert á móti liggja fyrir að skiptastjóri hafi verið upplýstur um hvar hægt væri að nálgast upplýsingar um verðmæti bréfanna á viðmiðunardegi skipta. Með bréfi lögmanns varnaraðila 5. nóvember 2020 hafi hann síðan fengið þær upplýsingar sendar en í bréfi lögmannsins komi fram að gengi hlutabréfanna á nefndu tímamarki hafi verið GBP 0,0365 á hlut. Skiptastjóri hafi hins vegar kosið að horfa framhjá þeim upplýsingum. Varnaraðili segir ekki verða séð að skiptastjóra sé heimilt að lögum að beita mismunandi verðmati á sambærilegar eignir, auk þess sem verðmatið sé í því tilviki sem hér um ræði í beinni andstöðu við ákvæði laga. Áréttar varnaraðili að í 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 sé á um það kveðið að þær eignir komi til skipta sem sambúðarfólk hafi átt á viðmiðunardegi skipta. Þá sé í dómi Hæstaréttar Íslands í máli aðila númer 511/2016 sérstaklega tilgreint í dómsorði að við lok sambúðar málsaðila skuli „... skipta jafnt eignum þeirra á viðmiðunardegi skipta...“. Með dóminum hafi verið tekin af öll tvímæli um að við það tímamark skuli miða við verðmat á eignum málsaðila.

Í 2. málslíð 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 sé að finna undantekningu frá framangreindri meginreglu sem feli í sér að arður, vextir og annars konar tekjur, sem hafi fengist af þeim eignum eða réttindum frá áðurnefndu tímamarki, skuli koma til skipta. Undantekningarákvæðið taki ekki til mögulegra verðbreytinga á hlutabréfaeign frá viðmiðunardegi skipta til þess er skipti eru framkvæmd eða til lokadags skipta, hvorki til hækkunar né lækkunar. Hækkun hlutabréfa sé þannig ekki tekjur í skilningi framangreinds ákvæðis. Í málinu komi því ekki annað til greina en að horfa til verðmætis hlutabréfanna, líft og annarra eigna aðila, á viðmiðunardegi skipta. Hvort verðbreytingar hafi orðið eftir það tímamark skipti engu máli við skipti til fjárslita milli aðila. Jafnframt hafi það enga þýðingu í málinu hvort eignir séu enn í eigu varnaraðila við lok skipta eða á hvaða öðru tímamarki eftir viðmiðunardag skipta. Hugleiðingum sóknaraðila um ætlaða óréttmæta auðgun varnaraðila og meint lögbrot hans vegna þessa sé mótmælt sem röngum og órökstuddum.

Vangaveltum í greinargerð sóknaraðila um að varnaraðili eigi fjármuni í erlendum fjármálastofnunum eða bankahólfum kveðst varnaraðili mótmæla sem algerlega ósönnuðum og röngum. Engin gögn liggja fyrir um að varnaraðili eigi slíkar eignir.

Hvað varðar innbú, listaverk og annað lausafé tekur varnaraðili fram að sá skilningur skiptastjóra, sem birst hafi í frumvarpi hans til úthlutunar, sé að málsaðilar hafi gert með sér samkomulag um skiptingu innbús og annars lausafjár. Sóknaraðili hafi sett fram kröfugerð þegar langt var liðið á skiptin þar sem hún hafi krafist skipta á innbúi miðað við verðmæti sem hún hafi sjálf tilgreint. Varnaraðili hafi jafnframt sett fram lista yfir innbú og verðmat á þeim eignum sem komið hafi í hlut hvors um sig. Kröfugerð varnaraðila um skiptingu innbús byggist á því sem þar komi fram. Engin gögn liggja fyrir til staðfestingar á ætluðu verðmati sóknaraðila og ekki verði á matinu byggt gegn mótmælum varnaraðila en sóknaraðili hafi ekki farið fram á dómkvæðningu matsmanns til að afla sér sönnunar um það.

Hvað listaverk varði þá sé það svo að þau hafi að langstærstum hluta verið í eigu einkahlutafélaga málsaðila. Dómkvaddur matsmaður hafi verið fenginn til þess undir rekstri skiptamáls aðila að leggja mat á verðmæti listaverkanna. Í frumvarpi skiptastjóra komi fram verðmæti einkahlutafélaganna sem byggt sé á matsgerð dómkvaddis matsmanns. Frumvarpið sé þannig byggt á tédum upplýsingum og verðmati. Listaverkin falli undir verðmat á einkahlutafélögunum og verði ekki tilgreind tvisvar þegar komi að skiptum.

Til stuðnings kröfum sínum vísar varnaraðili til ólögfesta meginreglna um fjárslit milli sambúðaraðila, meginreglna skiptaréttar og laga nr. 20/1991, einkum 104. gr. laganna. Kröfu sína um málskostnað segir varnaraðili reista á 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### IV

Krafa sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að greiða henni peningagreiðslu sem nemi andvirði allra eigna varnaraðila annarra en ætlaðra innstæðna á erlendum bankareikningum og vegna útlagningar

kaupverðs fasteignarinnar að [...] samrýmist ekki þeirri niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í máli aðila nr. 511/2016 að við hin opinberu skipti til fjárslita milli aðila skuli skipta jafnt eignum þeirra á viðmiðunardegi skipta. Krafan virðist reist á þeirri forsendu, sem varnaraðili hefur mótmælt sem rangri og ósannaðri, að varnaraðili eigi mikla fjármuni á erlendum bankareikningum sem ekki hafi verið upplýst um við skiptin. Auk þess að samrýmast ekki niðurstöðu dóms Hæstaréttar á þessi kröfugerð varnaraðila sér ekki lagastöð og þá er hún engum haldbærum gögnum studd. Verður því ekki á umrædda kröfu sóknaraðila fallist.

Sóknaraðili krefst þess einnig í málinu að við mat á verðmæti hlutabréfa varnaraðila í hinu skráða félagi C verði lagt til grundvallar hæsta verð bréfanna frá viðmiðunardegi skipta til úthlutunardags. Þá krefst sóknaraðili þess jafnframt að kröfu varnaraðila, um að verðmæti hlutabréfa í félaginu D verði miðað við gengið GBP 0,03625 á hlut, verði hafnað og að miðað verði við gengið GBP 0,09 á hlut. Að gættum málsástæðum sóknaraðila fyrir þessum kröfum verður að skilja þær svo að í kröfugerðinni felist að auk hlutabréfaeignar varnaraðila á viðmiðunardegi skipta krefjist sóknaraðili þess að til skipta komi tekjur, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., sem fengist hafa af hlutabréfunum eftir viðmiðunardag skipta í formi hækkunar á skráðu verði bréfanna.

Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 skulu þær eignir koma til skipta sem sambúðarfólk átti á viðmiðunardegi skipta. Samkvæmt síðasta skattframtali málsaðila fyrir viðmiðunardag skipta nam verðmæti erlendar hlutabréfaeignar varnaraðila í lok árs 2014 samtals 128.582.675 íslenskum krónum. Fær dómurinn ekki séð að í málinu hafi verið lögð fram gögn um skráð gengi bréfa í C á viðmiðunardegi skipta, en í frumvarpi skiptastjóra frá 12. október 2020 er fullyrt að gengið hafi á þeim degi verið 0,665 GBP á hlut. Eins og kröfugerð aðila er háttáð kemur það hins vegar ekki að sök þar sem úrlausnarefni dómsins er ekki hvert gengi hlutabréfa félagsins var á þeim degi heldur hvort undir skiptin heyri, auk verðmætis hlutabréfanna á nefndu tímamarki, einnig sú aukning á verðmæti bréfanna sem mest hafi orðið eftir viðmiðunardag skipta.

Í 2. málslíð 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991 er að finna undantekningu frá framangreindri meginreglu um að til skipta skuli koma þær eignir sem sambúðarfólk átti á viðmiðunardegi skipta. Í undantekningunni felst að arður, vextir og annars konar tekjur sem fengist hafa af eignum eða réttindum frá viðmiðunardegi skipta skuli koma til skipta. Að mati dómsins verður ekki á það fallist með sóknaraðila að hækkun á verðmæti hlutabréfa eftir viðmiðunardag skipta geti talist vera tekjur í skilningi 2. málslíðar 1. mgr. 104. gr. Við fjárslitin verður að mati dómsins að leggja til grundvallar í samræmi við áður nefnda meginreglu 1. mgr. 104. gr., sbr. einnig niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í máli aðila nr. 511/2016, verðmæti hlutabréfa varnaraðila í C á viðmiðunardegi skipta. Það hvort hlutabréfin hafa hækkað eftir það tímamark eða hvort hlutabréfin eru enn í eigu varnaraðila hefur því ekki þýðingu við úrlausn málsins. Kröfu sóknaraðila um að við mat á verðmæti hlutabréfa varnaraðila í C verði lagt til grundvallar hæsta verð bréfanna frá viðmiðunardegi skipta til úthlutunardags er því hafnað.

Varnaraðili krefst þess í málinu að við fjárslit milli aðila verði um verðmæti hlutabréfa í félaginu D miðað við gengið GBP 0,03625 á hlut. Því hafnar sóknaraðili og krefst þess að miðað verði við gengið GBP 0,09 á hlut. Í málinu hafa verið lögð fram gögn sem bera með sér að gengi hlutabréfa í félaginu D á viðmiðunardegi skipta hafi verið GBP 0,03625 á hlut. Þá er jafnframt upplýst að það gengi sem sóknaraðili byggir á í kröfugerð sinni samkvæmt framansögðu, gengið GBP 0,09 á hlut, er gengi hlutar í félaginu við yfirtöku þess í mars 2016. Með sömu rökum og að framan greinir varðandi mat á verðmæti hlutabréfa varnaraðila í C er það niðurstaða dómsins að hækkun á verðmæti hlutabréfa eftir viðmiðunardag skipta geti ekki talist vera tekjur í skilningi 2. málslíðar 1. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1991. Við fjárslit milli aðila skal því leggja til grundvallar að verðmæti hlutabréfa varnaraðila í D verði miðað við gengi hlutar á viðmiðunardegi skipta, GBP 0,03625 á hlut. Krafa varnaraðila þess efnis er því tekin til greina.

Sóknaraðili heldur því fram í málinu samkvæmt áðursögðu að varnaraðili eigi fjármuni í erlendum fjármálastofnunum, sem ekki hafi verið upplýst um við skiptin. Segir sóknaraðili varnaraðila ekki hafa orðið við margítrekuðum áskorunum skiptastjóra undir skiptunum um að upplýsa um erlendar bankainnstæður sínar. Í þessu sambandi hefur sóknaraðili einnig vísað til þess að varnaraðili hafi eftir viðmiðunardag skipta bæði greitt umtalsverðar skattskuldir aðila og aðrar skuldbindingar með fjármunum sem ekki hafi verið að finna á bankareikningum hans hér á landi. Sóknaraðili hefur enn fremur bent á að

varnaraðili hafi við skýrslugjöf fyrir dómi 29. nóvember 2018 upplýst að hluti þeirra fjármuna sem hann hafi notað til að greiða hluta skattskulda aðila hafi komið af bankareikningum hjá F.

Þó svo fallast megi á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi sýnt sinnuleysi gagnvart áskorunum skiptastjóra um að upplýsa um mögulegar innstæður sínar á erlendum bankareikningum verður allt að einu ekki framhjá því litid að fullyrðingar sóknaraðila um að varnaraðili hafi átt háar innstæður á erlendum bankareikningum á viðmiðunardegi skipta fá að mati dómsins afar takmarkaða stoð í gögnum málsins. Þannig verður ekki séð að þær fái stoð í framlögðum skattframtölum aðila. Að þessu virtu telst ósannað, gegn mótmælum varnaraðila, að varnaraðili hafi átt háar fjárhæðir á erlendum bankareikningum á viðmiðunardegi skipta. Kröfu sóknaraðila, um að lagt verði til grundvallar við fjárslit milli aðila að varnaraðili hafi á því tímamarki átt á erlendum bankareikningum 500.000.000 króna, er því hafnað.

Sú krafa sóknaraðila, að til eigna varnaraðila á viðmiðunardegi skipta sem komi til skipta teljist innbú, listaverk og lausafé sem ekki hafi á því tímamarki verið á sameiginlegu lögheimili aðila að [...] í [...] og að við verðmat þess innbús, listaverka og lausafjár verði kaupverð lagt til grundvallar þar sem það verði ekki hrakið með öðru verðmati, er að mati dómsins ekki nægjanlega afmörkuð. Þá er krafan studd afar takmörkuðum gögnum. Að mati dómsins er krafan svo vanreifusð að hún sé ekki tæk til efnismeðferðar. Kröfunni er því vísað frá dómi ex officio.

Í frumvarpi skiptastjóra frá 12. október 2020 er á um það kveðið að málsaðilar fái hvor um sig í sinn hlut þær eignir og skuldir sem þau eru skráð fyrir og hafa í sínum vörslum, auk þess að fá hluta af andvirði fasteignarinnar að [...] sem þeim hefur þegar verið úthlutað. Fær dómurinn ekki skilið frumvarp skiptastjóra öðruvísi en svo en að í því sé á um það kveðið með vísan til 4. mgr. 110. gr. laga nr. 21/1991 að varnaraðili skuli greiða sóknaraðila mismuninn á þeim verðmætum sem hvort um sig fær í sinn hlut í peningum. Í málinu hefur varnaraðili ekki uppi kröfur um breytingu á frumvarpi skiptastjóra hvað þetta varðar. Þá verður heldur ekki séð að af hans hálfu hafi í greinargerð eða munnlegum málflutningi verið færðar fram málsástæður því til stuðnings að sóknaraðili skuli fá umræddan mismun á verðmætum í sinn hlut með öðru en peningum. Að þessu virtu þykir verða að fallast á kröfu sóknaraðila um að við fjárslit milli aðila vegna slita á sambúð þeirra skuli varnaraðili greiða sóknaraðila með peningum, í samræmi við niðurstöðu dómsins hér að framan og frumvarp skiptastjóra að öðru leyti, þau verðmæti sem eftir standa eftir að tekið hefur verið tillit til alls framangreinds og hún á að fá í sinn hlut við skiptin.

Að málsatvikum öllum virtum þykir rétt, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., málskostnaður falli niður milli aðila.

Úrskurð þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

#### **Úrskurðarorð:**

Kröfum sóknaraðila, A, um að til eigna varnaraðila, B, á viðmiðunardegi skipta, sem komi til fjárslita, teljist innbú, listaverk og lausafé sem ekki hafi á því tímamarki verið á sameiginlegu lögheimili aðila að [...] í [...] og að við verðmat þess innbús, listaverka og lausafjár verði kaupverð lagt til grundvallar, er vísað frá dómi ex officio.

Kröfu sóknaraðila um að við fjárslit milli hennar og varnaraðila vegna slita á sambúð þeirra, skuli varnaraðili greiða sóknaraðila með peningagreiðslu andvirði allra eigna hans á viðmiðunardegi skipta, annarra en innstæðna varnaraðila á erlendum bankareikningum og greiðslu vegna fasteignarinnar [...] í [...], er hafnað.

Kröfu sóknaraðila, um að við fjárslit milli málsaðila skuli við mat á verðmæti hlutabréfa varnaraðila í hinu skráða félagi C leggja til grundvallar hæsta verð bréfanna frá viðmiðunardegi skipta til úthlutunardags, er hafnað.

Við fjárslit milli málsaðila skal leggja til grundvallar að verðmæti hlutabréfa varnaraðila í félaginu D verði miðað við gengi hlutabréfanna á viðmiðunardegi skipta 23. febrúar 2015, GBP 0,03625 á hlut.

Kröfu sóknaraðila, um að lagt verði til grundvallar við fjárslit milli aðila að varnaraðili hafi á viðmiðunardegi skipta átt á erlendum bankareikningum 500.000.000 króna, er hafnað.

Við fjárlit milli aðila vegna slita á sambúð þeirra skal varnaraðili greiða sóknaraðila með peningum, í samræmi við niðurstöðu dómsins og frumvarp skiptastjóra frá 12. október 2020 að öðru leyti, þau verðmæti sem hún á að fá í sinn hlut við skiptin að teknu tilliti til útlagningar verðmæta til aðila.

Málskostnaður fellur niður.